

Ferðafélag Íslands
Mörkinni 6
108 Reykjavík

Reykjavík, 27. febrúar 2020
UST202002-194/H.H.
09.07.01

Efni: Umsókn um Leyfi til framkvæmda - Landmannalaugar - rafstöðvarhús

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Ferðafélags Íslands, dagsett 19. febrúar 2020, um framlengingu á stöðuleyfi fyrir rafstöðvarhús í Landmannalaugum.

Landmannalaugar er hluti af Friðlandi að Fjallabaki sem er friðlýst sbr. auglýsing nr. 354/1979. Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask innan friðlandsins er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:


Sótt eru um framlengingu á tímabundnu leyfi fyrir rafstöðvarhúsi sem staðsett er við varnargarðinn í Landmannalaugum. Sótt er um framlengingu á gildandi leyfi sem Umhverfisstofnun veitti þann 13. september 2018. Í umsókn kemur fram að húsið hafi verið sett upp til að bæta áskýnd og hljóðvist á svæðinu þar sem rafstöðin er nauðsynleg til að geta rekið svæðið og veitt þjónustu svo sem salernis aðstöðu og aðgang að vatni.

Áhrifamat:

Eins og fram hefur komið í fyrri leyfum Umhverfisstofnunar fyrir tímabundnu leyfi fyrir húsinu metur stofnunin, að rafstöðvarhúsið hafi frekar neikvæð áhrif á áskýnd svæðisins þar sem verið er að bæta við byggingu á svæði sem áætlað er fækka byggingum samkvæmt deiliskipulagi sem er í vinnslu. Umhverfisstofnun telur aftur á móti jákvætt að með húsinu sé rekstraröryggi rafstöðvarinnar bætt og dregið úr hljóðmengun.

Umhverfisstofnun veitir Ferðafélagi Íslands fyrir sitt leyti leyfi fyrir framlengingu á tímabundnu leyfi fyrir rafstöðvarhúsi í Landmannalaugum sbr. lýsingu hér að ofan til eins árs eða til 27.febrúar 2021.

Virðingarfyllst



Olafur A. Jónsson
sviðsstjóri



Hákon Ásgeirsson
teymisstjóri